

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hveragerði fyrir árið 1998.

1. gr.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpförgunargjald) og skal gjaldið innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er árlegt sem hér greinir:

- a) Fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði kr. 7.160 hver pokaeyning.
- b) Á öll lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald samkvæmt eftirfarandi:

	Sorpeyðingargjald	Sorphreinsunargjald
	kr.	kr.
1. flokkur	5.930	23.690
2. flokkur	11.845	47.380
3. flokkur	23.690	94.760
4. flokkur	47.380	189.520
5. flokkur	94.760	379.040
6. flokkur	142.140	568.560

Bæjarstjórn raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs. Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Hveragerðisbær samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að gilda árið 1998.

Umhverfísráðuneytinu, 9. mars 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.